

HITTIÐ RAIARII frá Tahiti


Hittið Barnafélagsbörn sem hjálpa öðrum, eins og Jesú gerði.



Raiarii í brauðaldintré.

Upplýsingar um Raiarii

TUNGUMÁL: Franska



ALDUR:
9 ára

FRÁ: Tahítí

MARKMIÐ OG DRAUMAR:

- 1) Læra að spila á píanó.
- 2) Lesa alla Mormónsbók.
- 3) Verða læknir eða flugmaður.



FJÖLSKYLDA:
Mamma, pabbi,
þrír bræður og ein systir



MYNDSKREYTINGAR EFTIR MAARTEN LENOIR

Hjálpandi hendur Raiarii.

Raiarii nýtur þess að heimsækja ömmu sína, Mamy. Hann getur leikið sér á ströndinni og veitt fiska í lóninu. Hann borðar mangó og bana-beint af trjánum. Fyrir nokkrum árum hitti hann vini Mamy, Kali og Miu.

Á hverjum morgni lásu Raiarii og Mamy Mormónsbók saman. Kali og Mia slógust í hópinn. Raiarii hjálpaði við að útskýra ritningarnar svo að einfaldara væri að skilja þær.

Raiarii og bræðrum hans fannst gaman að hjálpa Kali að veiða fisk. Einn dag sagði Raiarii: „Við skulum biðja fyrir því að vera örugg og veiða fullt af fiskum.“ Þennan dag veiddi Kali meiri fiska en nokkru sinni áður! Kali ákvað að fara alltaf með bæn, áður en hann fór að veiða.

Raiarii var að undirbúa sig til að láta skírast. Hann sagði Kali allt um það. Trúboðarnir komu svo og kenndu Kali og Mia meira um fagnaðarerindið. Þegar Kalia og Mia skírdust, var Raiarii þar. „Ég er svo glaður að Kali vildi fylgja í fótspor Jesú,“ sagði hann.



Raiarii með Kali og nokkrum fiskanna sem þeir veiddu.

Raiarii fylgdi Jesú með því að hjálpa Kali og Miu að læra um fagnaðarerindið. Snúið blaðsíðunni til að lesa sögu um það hvernig Jesú hjálpaði öðrum.

Það sem Raiarii heldur upp á



STAÐUR: Heima hjá Mamy

SAGA UM JESÚ: Þegar hann mettaði mannfjöldann með tveimur fiskum og fimm brauðhleifum

BARNASÖNGUR: „I Know That My Savior Loves Me [Ég veit að frelsarinn elskar mig!“ (*Friend*, mars 2015)

MATUR: Sashimi úr ferskum sjávarfiski og súkkulaðikaka eftir uppskrift langömmu og langafa hans

LITUR: Rauður

FAG Í SKÓLA: Stærðfræði

„Við skulum virkja trú okkar á Drottin Jesú Krist með verkum!“

Russell M. Nelson forseti, „Ljúka upp himnum til liðsinnis,“ *aðalráðstefna*, apríl, 2020.